

Bæjarstjórn Garðabæjar

Umsókn um endurnýjun samstarfssamnings milli Garðabæjar og Kvennakórs Garðabæjar

Í janúar 2016 var endurnýjaður samstarfssamningur milli Garðabæjar og Kvennakórs Garðabæjar til þriggja ára. Samningur þessi hefur verið gífurleg lyftistöng fyrir kórinn og virðingarvottur við það menningarlega starf sem þar er innt af hendi.

Kvennakór Garðabæjar óskar eftir endurnýjun samstarfssamningsins til næstu tveggja ára með ósk um hækkun samningsupphæðar sem samsvarar 50 % stöðu tónlistarkennara samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og Félags tónlistarskólakennara.

Slíkt fjárframlag myndi styrkja enn frekar rekstrargrundvöll kórsins og veita honum ákveðið fjárhagslegt öryggi, bæði til starfsemi og stefnumótunar og gera honum þannig kleift að halda áfram því þróttmikla og metnaðarfulla starfi sem hann hefur haldið úti, allt frá stofnun kórsins.

Í þessum tvíhliða samningi skuldbindur Kvennakór Garðabæjar sig til að standa að fjölbreyttum menningarviðburðum og koma fram opinberlega við hin ýmsu tækifæri á vegum menningar- og safnanefndar Garðabæjar.

F.h. stjórnar Kvennakórs Garðabæjar,
Garðabær, 21. nóvember 2019

Ingibjörg Guðjónsdóttir, kórstjóri

Fylgiskjal

Kvennakór Garðabæjar hefur svo sannarlega fest sig í sessi í menningarlífi Garðabæjar. Samstaða um góðan samhljóm, fágaðan söng og framkomu hefur ætíð verið sterk hjá kórkönnum og endurspeglast m.a. í góðum tengslum við heimsþekkta erlenda kvennakóra og framsæknu lagavali. Það er mikill mannauður fólgin í slíkri áhugastarfsemi og sýna nýjustu rannsóknir að syngja í kór hefur jákvæð áhrif á hormónastarfssemi líkamans, minnki streitu, bætir geð og hægi á hjartslætti, svo eitthvað sé nefnt. Kórsöngur er allra meina bót og gefur þátttakendum óendanlega mikið sem aldrei verður metið til fjár. Allt þetta kemur svo bæjarfélaginu til góða með blómlegu mannlífi og menningu.

Þann fjórða september á næsta ári fagnar Kvennakór Garðabæjar þeim áfanga að hafa starfað í heil tuttugu ár. Frá stofnun hefur kórinn haldið úti öflugum starfi en að jafnaði hafa rúmlega þrjátíu kórkönur sungið með kórnum ár hvert. Kórinn hefur á þessum tveimur áratugum sungið fjölda tónleika, unnið til verðlauna í kórakeppni á Spáni, þegið boð heimsþekktra kóra um þátttöku í kórahátíðum, farið í söngferðir bæði innan- og utanlands, gefið út geisladisk og tekið þátt í kóramótum hérlendis, svo eitthvað sé nefnt.

Starf kórsins er að mestu leyti unnið í sjálfböðavinnu og þiggja kórfélagar engin laun fyrir framlag sitt á listviðburðum innan bæjarins.

Rekstrarkostnaður kórsins er töluverður ár hvert. Helstu kostnaðaliðir fyrir utan laun kórstjóra, píanóleikara og aðra hljóðfæraleikara, eru m.a. leiga á tónleikasölum/kirkjum, áskrift á streymisveitum fyrir tónlist, nótnaskirftahugbúnaður, vefsíða, grafísk hönnun, ljósritun (Fjölís), prentun, nótnakaup, æfingarskrá (mp3) og kostnaður við kórbúninga. Kórinn er þó einkar þakklátur fyrir þá velvild sem stjórnendur Flataskóla og Tónlistarskóla Garðabæjar hafa sýnt honum með afnot af æfingaraðstöðu án endurgjalds.



Kvennakór
Garðabæjar
Vancouver
Kanada
maí 2018

Starfsáætlun Kvennakórs Garðabæjar 2020 - 2022

Árlegir viðburðir

- Menningarvaka (Haustvaka/ Þorravaka/ Góugleði)
- Aðventutónleikar
- Vortónleikar
- Söngur á ýmsum viðburðum yfir allt árið
- Guðsþjónustur í Vídalínskirkju
- Söngur á aðventunni

Stærstu viðburðir 2020 – 2022

- Kóramót Gíggunnar, Landssambands íslenskra kvennakóra 7.-10. maí 2020
- Afmælishátíð 20 ára, 4. september 2020
Tónleikar, sögusýning og opið hús
- Keppnisferð til Ítalíu í október 2020
- Menningarkvöld í Garðabæ, Þorravaka, í febrúar 2021
með þátttöku söngnemenda Tónlistarskóla Garðabæjar
- Kórahátíð allra kóra í Garðabæ í apríl 2021
- Vortónleikar í Norðurljósum, Hörpu í maí 2021
- Aðventutónleikar í Langholtskirkju í desember 2021
- Alþjóðleg kórahátíð í Garðabæ 3.- 6. júní 2021
- ANNAÐ
- Frumsamin tónverk fyrir aðventu- og vortónleika
- Upptaka fyrir nýjan hljómdisk
- Myndbandsupptökur - söngur
- Myndbandsupptaka – heimildarmynd um kórinn og starfið
- Afmælisrit 20 ára - vegleg útgáfa sem dreift verður í öll hús í Garðabæ
- Styrkja tengslin við yngri kynslóðina og heimsóknir í skóla í Garðabæ



Kvennakór
Garðabæjar
apríl 2018

Viðburðir sem skipulagðir eru af Kvennakór Garðabæjar

- **Menningarvaka** (Haustvaka/Þorravaka/Góugleði)
Menningardagskrá ár hvert með þátttöku listamanna úr Garðabæ, m.a. bjarlistamanns Garðabæjar auk nemenda úr Tónlistarskóla Garðabæjar og Kvennakór Garðabæjar.
- **Kórahátíð í Garðabæ**
Haldin þriðja hvert ár með þátttöku allra kóra og sönghópa í Garðabæ.

Tillögur að fleiri menningarviðburðum

- Söngur við ýmis tækifæri á vegum Garðabæjar
- Söngdagskrá í grunn- og framhaldsskólum Garðabæjar
- Tónleikar og tækifærissöngur fyrir starfsmenn Garðabæjar
- Opin kóræfing á Garðatorgi

Kvennakór Garðabæjar er stoltur af að vera einn af menningarstólpum Garðabæjar og hefur alla burði til að tryggja íbúum Garðabæjar áframhaldandi blómlegt og öflugt menningarlíf.

Á grundvelli þessara upplýsinga óskar Kvennakór Garðabæjar eftir endurnýjun á starfssamningi til næstu tveggja ára.



Kvennakór Garðabæjar
Vancouver, Kanada
maí 2018

Kvennakór Garðabæjar
Asparholti 13,
225 Garðabæ
kvennakorgb@gmail.com
864 2722 & 565 0613